

Reykjavík 23. mars 2021

**Efni: Umsögn ráðgjafarhóps umboðsmanns barna um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn ráðgjafarhóps umboðsmanns barna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

*Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna er skipaður börnum á aldrinum 12 til 17 ára. Hópurinn er opinn öllum börnum á Íslandi og hittist reglulega í þeim tilgangi að fræðast um málefni tengd réttindum barna, og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.*

Í frumvarpinu sem hér um ræðir er lagt til að í stað orðanna 18 ára í 1. mgr. 2. gr. laganna komi 16 ára. Verði frumvarpið að lögum munu aldursmörk kosningaréttar í sveitarstjórnarkosningum þá miðast við 16 ára aldur í stað 18 ára. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið sé lagt fram til þess að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri þeirra til þess að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur. Dæmi séu um dræma og dvínandi þátttöku ungs fólks í kosningum til löggjafarþinga og sveitarstjórna. Það valdi áhyggjum af framtíð lýðræðis. Ákjósanlegt sé að einstaklingum gefist kostur á þátttöku jafnskjótt og vitund einstaklingsins um áhrifamátt sinn og ábyrgð á eigin velferð og samfélagsins vakni. Einnig gefi víðtækari þátttaka í kosningum traustari vitneskju um vilja borgara og því sé mikilvægt að sem flestir njóti atkvæðisréttar.

Skiptar skoðanir eru innan ráðgjafarhóps umboðsmanns barna um það hvort lækka eigi aldursmörk kosningaréttar til sveitarstjórnarkosninga í 16 ár. Samrómur er innan hópsins um það að ef til þessara breytinga komi þurfi að gera ráðstafanir til þess að fræða börn á öllum skólastigum um framkvæmd og fyrirkomulag kosninga sem og stjórnsmál og lýðræði. Þá eru

nokkrir innan ráðgjafarhópsins sem eru á móti því að kosningaaldur verði lækkaður þar sem þau telja að ekki hafi öll börn nægjanlegan þroska til þess að taka upplýsta ákvörðun um hvað þau vilji kjósa við 16 ára aldur. Eru fulltrúar innan hópsins sem telja að ákjósanlegra væri að miða við 17 ára aldur þar sem börn taki almennt út mikinn þroska það ár sem þau byrji í framhaldsskóla. Einnig væri hægt að fara þá leið að atkvæði barna á aldrinum 16-18 ára vegi ákveðið hlutfall af hefðbundnu atkvæði, en með þeim hætti fá börn tækifæri til þess að taka þátt í kosningum og hafa áhrif á samfélagið.

Þá eru aðrir innan ráðgjafarhópsins á þeirri skoðun að hér sé um mikilvæga breytingu að ræða þar sem mörg börn séu með mikla þekkingu á stjórnmálum. Jafnframt sé mikilvægt að þessi hópur hafi tækifæri til þess að koma sínum skoðunum á framfæri og finni að þau beri ábyrgð á því að taka þátt í samfélaginu. Þessar breytingar eru einnig í samræmi við 12. gr. barnasáttmálans, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem kveður á um þá skyldu aðildarríkja samningsins að tryggja rétt barna sem myndað geta eigin skoðanir til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem þau varðar og að taka skuli réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska.

Virðingarfyllt,

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna